

57. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu, um framfærsluhrepp sveitarómaga.

1866.  
11. júní.

Með bréfi dagsettu 17. febrúarmán. þ. á. hafið þér, herra amtmaður, sent hingað skjal nokkurt, þar sem Páll Magnússon, er nú gegnir hreppstjórnar störfum í Hrafnagils hrepp, ber sig upp undan úrskurði yðar 7. marzmán. 1861, að því leyti sem með honum er ákveðið, að Sveinn nokkur Tómasson ekki geti hafa áunnið sèr framfærslurètt í Helgastaða hrepp, vegna þess að hann hafi fengið þar sveitarstyrk; en hreppstjórinn, er nú var nefndur, heldur því fram, að styrkur sá, sem áðurgreindum Sveini Tómassyni var veittur veturinn 1859, þegar hann var búinn að vera meira en 9 ár í Helgastaða hrepp, verði ekki skoðaður eins og styrkur úr sveitarsjóði, og geti því ekki verið því til fyrirstöðu, að hann hafi áunnið sèr framfærslurètt í hreppnum, þar sem hann hefir átt heima í 11 ár samfleytt.

Um þetta skal yður til vitundar gefið, yður til leiðbeiningar og til þess að þér kunngjörði það, að með því að það verður að álíta eptir upplýsingum þeim, sem fram hafa komið í máli þessu, að styrkur sá, sem Sveini Tómassyni var veittur veturinn 1859 í Helgastaða hrepp, hafi verið nauðsynlegur til viðurværis honum og fjölskyldu hans, og hann þar að auki hafði sjálfur beðið um styrkinn, hlýtur dómsmálastjórnin að fallast á þá skoðun amtsins, að hann hafi ekki áunnið sèr sveit í Helgastaða hrepp.

58. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um borgun fyrir að flytja betrunarhúsfanga af skipi og út í betrunarhúsið.

14. júní.

Í bréfi dagsettu 20. aprílmán. þ. á. hafið þér, herra stiptamtmaður, beiðzt úrskurðar dómsmálastjórnarinnar útaf úgreiningi milli yðar og amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu, um borgun á kostnaðinum við að flytja Gunnar Kristjánsson, betrunarhúsfanga, er sendur var hingað frá Íslandi með skipinu Sókrat-

1866.

11. júní.

es, af skipinu út í betrunarhúsið á Vridslöselille; er upphæð kostnaðarins 3 rd. 34 sk., og hafa þeir verið borgaðir fyrirfram úr lögreglusjóði Kaupmannahafnar.

Um þetta skal yður kunngjört, að eptir reglum þeim, sem farið er eptir, smbr. konungsbréf 17. aprílmán. 1789 og hinar seinni ákvarðanir, er fara í sömu stefnu, á að greiða kostnað þenna úr ríkissjóðnum, og hefir því í dag verið hlutazt til um, að þessir 3 rd. 34 sk. verði borgaðir lögreglusjóði Kaupmannahafnar úr aðalféhirzlunni hér í bænum af fé því, sem veitt er í 9. gr. VI C í fjárhagslögunum til óvissra gjalda handa Íslandi.

11. júní.

**59. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir vesturumdæminu, um borgun fyrir lækning og aðhjúkrun á betrunarhússfanga.**

Í bréfi dagsettu 6. aprílmán. þ. á. hafið þér, herra amtmáður, skýrt frá, að sýslumaðurinn í Dala sýslu hafi gjört fyrirspurn til amtsins um það, hvort amtsjafnaðarsjóðurinn ætti að endurgjalda lögreglusjóði Kaupmannahafnar 7 rd. 82 sk., sem borgaðir höfðu verið fyrirfram úr sjóði þessum, og sýslumaðurinn verið krafinn um; höfðu 5 rd. af þessu verið borgaðir fyrir lækningu og aðhjúkrun á Jónatan Sigurðssyni, betrunarhússfanga, sem á heima í Dala sýslu, á bæjarspítalanum í Kaupmannahöfn, þar sem honum var komið fyrir undireins og hann kom frá Íslandi, og 2 rd. 82 sk. fyrir að flytja sakamann þenna frá spítalanum út í betrunarhúsið á Vridslöselille. Þér hafið getið þess, að yður virðist vafalaust, að eptir ákvörðunum þeim, sem farið er eptir, eigi allt eins að borga kostnaðinn við að flytja sakamanninn frá Kaupmannahöfn út í betrunarhúsið á Vridslöselille úr ríkissjóðnum, eins og flutningskostnaðinn frá Íslandi til Kaupmannahafnar, og að líka eigi að yðar hyggju að borga kostnaðinn við lækningu hans á bæjarspítalanum á sama hátt, með því að sá kostnaður hafi borið að, meðan verið var að flytja hann frá Íslandi þangað, sem hann átti að taka út hegn-